

Aðalfundur Bergrisans bs. 2025

haldinn í fjarfundabúnaðinum Teams
þann 9. október 2025 klukkan 13:00

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Alda Pálsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Anna Gréta Ólafsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Árni Eiríksson, Ásta Stefánsdóttir, Ástrós Rut Sigurðardóttir, Berglind Friðriksdóttir, Bjarki R. Kristjánsson, Bjarney Vignisdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Bragi Bjarnason, Brynhildur Jónsdóttir, Dagný Davíðsdóttir, Erla Sif Markúsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Gestur Þór Kristjánsson, Guðni Sighvatsson, Halla Steinunn Hinriksdóttir, Helga Björg Helgadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Bjarki Oddsson, Guri Hilstad Ólason, Hulda Kristjánsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Ísleifur Jónasson, Jóhanna Margrét Einarsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Jón Bjarnason, Jón Valgeirsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Matthías Bjarnason, Njörður Sigurðsson, Helgi Kjartansson, Petrína Freyja Sigurðardóttir, Pétur Georg Markan, Ragnheiður Eggertsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir, Smári B Kolbeinsson, Svava Davíðsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson, Sýlvía Karen Heimisdóttir.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans bs., bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti aðalfund Bergrisans bs. árið 2025.

Íris Ellertsdóttir lagði til að Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, verði fundarstjóri og varaformaður Bergrisans bs., Ása Valdís Árnadóttir, riti fundargerð.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Skipun þriggja aðila í kjörbréfanefnd og mat á lögmæti fundarins

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og lagði fundarstjóri til að í kjörbréfanefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir Árborg sem formaður, Guri Hilstad Rangárþing Eystra og Hulda Kristjánsdóttir Flóahreppi.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til kosninga.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024

Bragi Bjarnason fór yfir starfsemi stjórnar Bergrisans. Á starfsárinu 2024–2025 lagði stjórn Bergrisans bs. sérstaka áherslu á að efla þjónustu við fatlað fólk með markvissri stefnumótun, aukinni þjónustu og gæðastarfi. Meginmarkmiðið hefur verið að stuðla að sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks á eigin forsendum, m.a. með því að fjölga úrræðum og hefja áfangaskipta húsnæðisuppbyggingu til næstu tíu ára. Einnig var farið í frekari innleiðingu gæðaviðmiða, útgáfu kröfulýsinga og samræmingu verklags.

Á síðasta aðalfundi voru samþykktar breytingar á samþykktum byggðasamlagsins sem miða að því að laga þær að breyttu starfsumhverfi, m.a. með rýmri skilgreiningum og einföldun á formi. Breytingar urðu í stjórn og nýr búsetukjarni opnaði á Selfossi, sá fyrsti frá 2007.

Fjárhagsstaða Bergrisans er sterk og hefur byggst upp á síðustu tveimur árum með auknum framlögum úr Jöfnunarsjóði, þó óvissa ríki um framtíðarframlag vegna fyrirhugaðra breytinga á útreikningi framlaga. Áhersla verður áfram lögð á aðhald, faglegt starf og áframhaldandi þróun þjónustunnar í þágu fatlaðs fólks á starfssvæðinu. Skýrsla stjórnar verður send út með aðalfundargerðinni.

4. Kynning á ársreikningi 2024

Bjarki R. Kristjánsson, skrifstofustjóri, kynnti ársreikning 2024.

Rekstrartekjur ársins 2024 voru 4.075.370.559.- kr. sem skiptust annars vegar í 3.634.899.593.- kr. framlag frá Jöfnunarsjóði og 400.986.000.- kr. framlög frá sveitarfélögunum að viðbættum öðrum tekjum að upphæð 39.484.966.- kr. Rekstrargjöld voru 3.487.460.814.- kr. Afkoma ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 637.136.344.- kr.

Eignir námu samtals 1.845.186.712.- kr., skuldir voru 924.135.458.- kr. og eigið fé var 921.051.254.- kr. í árslok.

Ársreikningur er lagður fram til kynningar.

5. Kynning á útkomuspá og fjárhagsáætlun

Bjarki R. Kristjánsson kynnti útkomuspá fyrir árið 2025. Áætlað er að tekjur verði um 472 m.kr. umfram áætlun en mestu munar að engin hækkun frá fyrra ári var sett inn í áætlun 2025 fyrir Jöfnunarsjóð sökum óvissu sem ríkti um breytingar á framlagi sjóðsins sem síðan raungerðust ekki. Þá er útsvarið aðeins lægra en gert hafði verið ráð fyrir en styrkir og framlög hærri sem jafnast því að mestu út. Vakin er athygli á að tekjur vegna framlaga sveitarfélaga vegna NPA og beingreiðslna eru settar inn núna sem sér tekjuliður en í samþykktri fjárhagsáætlun 2025 voru þær tekjur flokkaðar sem lækkun á greiðslum vegna NPA og beingreiðslna. Er skýrara að flokka tekjurnar sér og gjöldin sér og er bætt úr framsetningunni hér.

Varðandi búsetu-, vinnu- og virkniúrræði hjá sveitarfélögum þá eru þau um 40 m.kr. umfram áætlun. Munar þar mestu um Nauthaga en um nýtt úrræði er að ræða sem var tekið í notkun árið 2024 og ljóst að áætlun 2025 náði ekki alveg utan um reksturinn eins og raunin er oft með ný úrræði. Annað sem ber að nefna er að búsetuúrræðin í Birkimörk, Selvogsbraut og Vallholt 9 eru öll um 6-9 m.kr. umfram áætlun en það má allt rekja að mestu leyti til aukins launakostnaðar vegna langtímaveikinda. Annað er innan marka. Vert er að benda á að tvö ný úrræði eru komin í gang í Birkihólum. Við gerð fjárhagsáætlunarinnar í fyrra lá ekki fyrir hvers konar úrræði yrðu stofnuð og var því áætlun vegna þessa sett á einstaklingsstuðning en lagfært núna, þ.e. 49 m.kr. fluttar af einstaklingsstuðningi og yfir á Birkihóla í áætlun 2025.

Það stefnir í að Sólheimar og Skaftholt verði aðeins undir áætlun ársins. Þá var hætt að styðjast við úrræði á vegum Emblu að Andrastöðum á árinu og er það því einnig töluvert undir áætlun. Á móti kemur að nýr kostnaðarliður fellur hér undir, þ.e. þjónustusamningar í framkvæmd sveitarfélaga, en ekki er um hreinan nettó kostnað að ræða heldur fæst mótframlag frá Jöfnunarsjóði á móti þessum lið og hækkuðu því tekjur á móti.

Undir notendasamningum og stoðþjónustu eru NPA og beingreiðslur á pari við áætlun en vísað er til breyttrar framsetningar þar sem framlög sveitarfélaga voru tekin úr

Þessum lið og færð á sérstakan tekjulið. Hins vegar er mikið aukning í sértækri þjónustu við börn en spáð er að það hækki um 285 m.kr á árinu. Þá er því spáð að einstaklingsstuðningur verði um 106 m.kr undir áætlun. Heildarbreyting á þessum flokki í útkomuspá er því 180 m.kr umfram áætlun.

Rekstrarkostnaður er undir áætlun og munar þar mestu um fæðingarorlof starfsmanns. Í útkomuspá eru gjöld að hækka samtals um 242 m.kr umfram áætlun og munar þar mestu um sértæka þjónustu við börn en á móti auknum gjöldum hækka tekjur um 472 m.kr. Gert hafði verið ráð fyrir 256 m.kr hagnaði á árinu en útkomuspá gerir ráð fyrir að hann verði 486 m.kr.

Bjarki R. Kristjánsson kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Spáð er að framlag Jöfnunarsjóðs hækki um 5% og útsvartekjur sveitarfélaga hækki um 6,6% á næsta ári og skilar það 218 m.kr hækkun hjá Bergrisanum. Í takt við áætlaða hækkun útgjalda í NPA og beingreiðslum á næsta ári þá hækka framlög ríkis og sveitarfélaga sömuleiðis vegna þessa eða samtals um 126 m.kr. Óvissa ríkir um smærri styrki og framlög og því er ekkert áætlað á þann lið. Samtals er því spáð að tekjur hækki um 325 m.kr og verði rúmlega 4,8 milljarðar á árinu 2026.

Nokkur hækkun er í búsetu-, vinnu- og virkniúrræðum hjá sveitarfélögunum, eða 253 m.kr hækkun frá fyrra ári. Munar mestu um nýlega opnun úrræða í Birkihólum sem kemur að fullu inn árið 2026. Önnur hækkun er að mestu leyti tilkomin vegna launahækkana á næsta ári eða breytinga á rekstri, s.s. fjölgun stöðugilda sem hafa verið samþykkt.

Gert er ráð fyrir nokkuð hefðbundinni hækkun á helstu þjónustusamninga en hins vegar er óvissa um hvort úrræði á vegum Klettabæjar eða Emblu verði nýtt á árinu og því lækka þeir samningar um 86 m.kr. Samtals er því áætlað að þjónustusamningar lækki um 34 m.kr á árinu frá útkomuspá.

Gert er ráð fyrir töluverðri hækkun í NPA og beingreiðslum en í dag eru 12 NPA samningar og 6 beingreiðslusamningar í gildi en áætlað er að þeim gæti fjölgað í 15-17 NPA samninga og 7-8 beingreiðslusamninga. Að öðru leyti er áætlað að stuðningsfjölskyldur, einstaklingsstuðningur og sértæk þjónusta við börn hækki um ca. 5%.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður hækki aftur á næsta ári, aðallega vegna endurkomu starfsmanns eftir fæðingarorlof.

Áætluð niðurstaða árið 2026 er 164 m.kr hagnaður eða rétt rúmlega 3% af áætluðum tekjum og því lítið sem má út af bregða. Bergrisinn leggur áherslu á að fatlað fólk fái þjónustu sem stuðlar að markmiðum um að geta lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum en til að svo megi verða þarf að stuðla að góðum og sjálfbærum rekstri Bergrisans. Vel hefur gengið undanfarið að skapa góðan grunn til að takast á við aukna þjónustubörf á svæðinu og til að vinna niður biðlista, en kröftug uppbyggingaráætlun Bergrisans var samþykkt fyrr á árinu 2025 og því mikilvægt að Bergrisinn takist á við það verkefni með sterkan fjárhag. Það er hins vegar ljóst að uppbygging á svæði Bergrisans er mjög fjárfrek en reikna má með að hvert nýtt búsetuúrræði kosti u.þ.b. 200 m.kr í rekstri á ári án þess að tekjur aukist að ráði á móti.

Umræðum vísað til liðar númer 7.

6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Arna Ír Gunnarsdóttir kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar.

Á fundinn eru mættir 43 aðalmenn og 3 varamenn. Í heild sinni eru því mættir 46 fulltrúar af 61 og telst því fundurinn lögmætur.

7. Umræður um skýrslu stjórnar, útkomuspá og fjárhagsáætlun

Umræður um skýrslu stjórnar, útkomuspá og fjárhagsáætlun. M.a. rætt um fjárhagsstöðu Bergrisans.

Fundarstjóri tekur til máls og ber skýrslu stjórnar upp til kosninga.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

Fundarstjóri tekur til máls og ber útkomuspá og fjárhagsáætlun upp til kosninga.

Útkomuspá 2025 og fjárhagsáætlun 2026 samþykkt.

8. Skýrsla þjónusturáðs Bergrisans fyrir starfsárið 2024

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs kynnti starfsemi þjónusturáðs starfsárið 2024. Þjónusturáð sinnir stefnumótandi verkefnum, þ.e. það gerir tillögur um verkefni sem teljast stefnumótandi í samvinnu við verkefnastjóra Bergrisans. Ráðið er í virku samráði við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu. Bergrisinn er byggður upp með þeim hætti að fagfólk frá hverju þjónustusvæði skipa fagteymi þar sem fjallað er um mál á einstaklingsgrunni, lagðar fram umsóknir um þjónustu og gætt að samræmingu á milli þjónustusvæða í veitingu þjónustunnar. Fagteymið kemur einnig að því að vinna reglur og endurskoða þær í samráði við þjónusturáð og verkefnastjóra Bergrisans. Þjónusturáð fjallar um stærri mál og stefnumótandi ákvarðanir í málaflokknum og leggur svo fundargerðir sínar fyrir stjórn og tekur þátt í með málefnalegri umræðu. Verkefnastjóri Bergrisans er starfsmaður stjórnar og vinnur í nánun samstarfi við bæði fagteymi og þjónusturáð. Samhliða íbúafjölgun á svæði Bergrisans hefur verið vaxandi aðsókn í þjónustu við fatlað fólk. Búast má við áframhaldandi íbúafjölgun á komandi árum. Ljóst er að uppbygging húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum hefur ekki haldið í við þróun stöðu biðlista eftir sértæku búsetuúrræði og er því brýnt að halda áfram uppbyggingu húsnæðisúrræða á svæðinu. Á starfsárinu tók til starfa nýr íbúðakjarni við Nauthaga 2 á Selfossi og við fögnum áformum um uppbyggingu nýs íbúðakjarna á Hvolsvelli. Undir lok starfsársins var settur á laggirnar starfshópur um uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk með því markmiði að fjölga húsnæðismöguleikum fyrir fatlað fólk til að mæta auknum fjölda einstaklinga á bið. Einnig var unnið að þróun þjónustu að Birkihólum með því markmiði að bregðast við mikilli aðsókn í skammtímadvöl en bið eftir þjónustu er löng og mörg börn sem bíða þjónustu. Áætlað að er að þjónustan verði fullmótuð og taki til starfa á næsta ári.

9. Kynning á uppbyggingaráætlun Bergrisans

Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri kynnir uppbyggingaráætlun Bergrisans sem skiptist í þrjá áfanga.

Áfangi I (2025-2027) gerir ráð fyrir 2 íbúðakjörunum með 6 íbúðum. Samtals 12 íbúðir með sólhringsþjónustu. Áætlaður árlegur rekstrakostnaður vegna búsetukjarna eru

180 m.kr. eða samtals 360 m.kr. í áfanga I (rekstrarkostnaður frá og með áramótum 26/27). Miðað við núverandi laga- og rekstrarumhverfi er rekstrargrundvöllur fyrir áfanga I.

Áfangi II (2028-2030) gerir ráð fyrir 1 íbúðakjarna með 6 íbúðum með sólahringsþjónustu. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um niðurlagningu herbergjasambýlis. Í áfanganum er jafnframt gert ráð fyrir allt að 6 íbúðum sem falla að húsnæði með stuðningi. Unnið verður með sjálfstæðum aðilum með það að markmiði að fötluðu fólki gefist kostur á að búa í íbúðum. Samtals 12 íbúðir - 6 með sólahringsþjónustu & 6 íbúðir með stuðningi. Í áfanga II er áætluð tilfærsla á rekstrarkostnaði frá herbergjasambýli til reksturs þjónustu í íbúðakjarna. Árlegur viðbótarrekstrarkostnaður er því áætlaður 100 m.kr. vegna áfanga II. Miðað við núverandi laga- og rekstrarumhverfi er rekstrargrundvöllur fyrir áfanga II.

Áfangi III (2031-2035) gerir ráð fyrir að lágmarki tveimur íbúðakjörnum með sex íbúðum með sólahringsþjónustu. Að auki er gert ráð fyrir allt að 6 íbúðum með stuðningi. Þarna er horft til núverandi biðlista ásamt íbúaspá. Samtals 18 íbúðir - 12 íbúðir með sólahringsþjónustu og 6 íbúðir með stuðningi.

Áfangi III er ekki fjármagnaður.

Umræður urðu um uppbyggingaráætlun.

10. Tillaga um þóknun stjórnar

Bragi Bjarnason fór yfir tillögu um þóknun til stjórnar Bergrisans bs. Lagt er til að þóknun til stjórnar sé óbreytt milli ára, það er stjórnarlaun almenns stjórnarmanns sé 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillöguna upp til kosninga. Tillagan er samþykkt.

11. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Engar tillögur bárust og því fellur þessi liður niður.

12. Ráðning löggilts endurskoðanda

Lagt til að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, sinni áfram endurskoðun félagsins.

Fundarstjóri tekur til máls og ber tillöguna upp til kosninga. Tillagan er samþykkt

13. Önnur mál

Bjarki R. Kristjánsson fór yfir fullnaðarafgreiðsluheimildir Bergrisans en misjafnt er hvernig staðan á þeim málum hjá aðildarsveitarfélögunum.